

Stefanía Helga Ámundsdóttir
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Efni: Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan

Kæri Ísafjarðarbær

Bandalag íslenskra skáta (BÍS) er regnhlífarsamtök skátafélaga á Íslandi og er hið ágæta Skátafélag Einherjar-Valkyrjan á meðal aðildarfélaga. Undanfarið hefur BÍS verið að leggja aukinn kraft í að efla innra starf skátafélaga á Íslandi, annarsvegar með því að setja fjármuni og mannskap í þróun dagskrár og viðburða og hins vegar með því að veita virkari og öflugri stuðning við sjálfbóðaliða félaganna sem sinna innra starfinu í þágu þátttakenda í skátastarfi. Meðal annars voru tveir erindrekar ráðnir til starfa og þeir fóru um allt land á fundi með sjálfbóðaliðum skátafélaga í þeim tilgangi að veita persónumiðaða þjónustu og stuðning.

Í samskiptum við fulltrúa skátafélagsins á Ísafirði varð erindrekum ljóst að þar væri nokkuð stór vandi á bæ. Lítil endurnýjun sjálfbóðaliða hefur verið í félaginu í langan tíma og félagsstarfið beðið hnekki vegna þess. Á sama tíma nýtur skátafélagið þess að í gegnum árin hafa fjölmargir öflugir sjálfbóðaliðar byggt sterka innviði sem enn má nýta til góðs. Skátafélagið á heimili á Mjallargötu í kjarna bæjarins ásamt skátaskálanum Dyngju sem er í Dagverðardal. Þá á skátafélagið einhverja fjármuni í banka ásamt því að eiga hálftrar milljón króna inneign hjá BÍS til þátttöku í þjálfun og námskeiðum bandalagsins.

Bandalag íslenskra skáta vill leita allra leiða til þess að byggja aftur upp skátastarf fyrir ungmenni á Ísafirði og á Vestfjörðum öllum. Eftir að hafa rætt við skáta sem áður voru í félaginu, átt samtöl við íbúa í bæjarfélaginu, kynnt okkur starfsemi annars æskulýðsstarfs í bænum og litið yfir íbúatölfræði ungmenna í bænum teljum við marga möguleika vera í stöðunni. Starfsemi félagsins þarf að stilla upp með skýrum markmiðum gagnvart hverjum aldurshópi og með áherslu á nýliðun sjálfbóðaliða. Lykilþáttinn í allri uppbyggingunni teljum við vera tryggt og gott samstarf við yfirvöld æskulýðsmála í bænum og við bæjaryfirvöld almennt. Ein þeirra lausna sem við teljum æskilega fyrir skátafélag Ísafjarðar er nýtt form skátastarfs sem við köllum fjölskylduskátun. Starfið er af skandinavískri fyrirmynd og miðast við þátttöku barna 5-6 ára sem eru of ung til þátttöku í hefðbundnu skátastarfi og eru einnig útundan í flestu æskulýðsstarfi. Starfið byggir á sameiginlegri þátttöku þeirra með foreldrum sínum í starfi sem byggir á útiveru og samveru við aðra og þykir bæði börnum og foreldrum afskaplega kærkomið að geta fengið að stunda skipulagðar tómstundir saman.

Fjölskylduskátastarf hefur reynst mjög vel hjá öðru félagi í uppbyggingu en þarna gefst ekki bara færi til að ná til hóps sem enginn annar þjónustar þ.e. foreldra og börn saman, heldur fá foreldrar einstakt tækifæri til að eignast hlutdeild í starfi barna sinna og í starfsemi skátafélagsins. Með því að fá reynslu af skátastarfi eru foreldrar líklegri til að gerast sjálfbóðaliðar í félaginu og þannig myndi verkefnið líka nýtast sem nýliðun sjálfbóðaliða fyrir skátafélagið.



Í starfi þeirra sem eru 7 – 9 ára og 10 – 12 ára teljum við nóg stuðningsefni til svo að hægt væri að reka þær skátasveitir með hefðbundnum hætti. Ábyrgðarmenn starfsins myndu njóta handleiðslu erindreka sem gætu útvegað þeim dagskrárefni fyrir fundina og leiðbeint þeim um hvernig beri að skipuleggja og framkvæma skátastarf. Nokkrir viðburðir eru haldnir sameiginlega yfir allt landið fyrir þessi aldursbil og væri kjörið fyrir félagið að nýta þá viðburði til að efla starfið.

Í unglिंगastarfi þeirra sem eru 13 – 15 ára teljum við æskilegt að byggja starfið á tengingu við ungmenni annarsstaðar á landinu og þeim miklu ferðamöguleikum sem skátastarf hefur upp á að bjóða. Erindrekar myndu aðstoða ábyrgðarmenn að móta dagskráráherslur starfsins þannig að ungmennin sjálf stjórni ferð og starfið falli sem næst áhugasviði þeirra. Unglingastarf skátanna byggir einnig að miklu leyti á valdeflingu og samfélagslegri meðvitund og þátttöku ungmennanna bæði í skátafélaginu og víðar í nærumhverfi sínu. Þannig heldur BÍS nokkrum sinnum á ári leiðtogaþjálfunarnámskeið sem æskilegt væri að festa í starfsáætlun félagsins ásamt því sem félagið gefi áhugasömum færi á að spreyta sig á að aðstoða við starf yngri skáta. Til að búa til hvata fyrir þátttöku unglिंगanna mælum við líka með að skátar í félaginu fái reglulega færi á afslöppuðum samkomum í skátaheimilinu utan fundarstarfsins undir eftirliti fullorðins sjálfboðaliða félagsins. Þetta form hefur verið reynt með góðu móti í unglिंगastarfi skátanna víða annarsstaðar og mikil undur hafa orðið þegar ungmennin hittast með þessu móti og taka sér fyrir hendur það sem þeim dettur í hug.

Á landsvísu væri æskilegast að tengja skátafélagið Valkyrjuna-Einherja við sameiginlegt stuðningsverkefni bandalagsins með skátafélögum á Akureyri, í Búðardal, Grundarfirði og á Sauðárkróki. Þessi félög hafa átt farsælt samstarf við önnur skátafélög í tengslum við viðburði og við teljum að væri æskilegt að gera slíkt hið sama með skátafélaginu á Ísafirði. Þá er Landsmót skáta 2020 haldið á Hömrum við Akureyri og það gæti reynst mikill hvati fyrir komandi starfsár.

Skátafélagið mun njóta dyggs stuðnings Bandalags íslenskra skáta og Skátamiðstöðvarinnar við uppbygginguna. Erindrekar BÍS verða í miklum samskiptum við mannauð félagsins og veita virka ráðgjöf og stuðning við uppbyggingu félagsins, skipulag starfseminnar og framkvæmd félagsstarfsins, bæði frá starfsstöðinni í Reykjavík og með heimsóknnum, bæði til Ísafjarðar og að skátar frá Ísafirði komi til skrafs og ráðagerða til Reykjavíkur og heimsæki önnur félög í leiðinni.

BÍS hefur lagt til að næsta árið taki erindreki sæti í stjórn félagsins. Þjónustufulltrúi BÍS mun aðstoða félagið með skráningarmál og í þeim skrifstofustörfum sem kunna að koma í kringum uppbygginguna. Verkefnastjóri BÍS mun aðstoða félagið í styrkja-, þjálfunar- og fræðslumálum. Fulltrúar félagaráðs BÍS munu vera með í vinnunni og hefur BÍS lagt til að einn fulltrúi félagaráðs taki sæti í stjórn félagsins.



Þá mun BÍS áfram leita æskilegra samstarfsaðila um skátastarfið. Aðrir sjálfboðaliðar sem sinna fræðslu-, þjálfunar- og dagskrármálum verða virkjaðir eftir fremsta megni til þess að styðja við innra starf og mannauðsmál félagsins.

BÍS

mun leggja til að hálftrar milljón króna inneign skátafélagsins til þjálfunarmála sé nýtt í þessari uppbyggingu.

BÍS hvetur öll sín aðildarfélög til að hafa vel skilyrtan þjónustusamning við sitt sveitafélag og allflest aðildarfélög okkar á landvísu hafa slíkan samning. Skátafélagið Einherjar/Valkyrjan er ekki eitt þeirra. Þjónustusamninga teljum við mikilvæga bæði upp á ábyrgðarmál að gera en einnig eru þeir mikilvægir félögunum þegar kemur að langtímaskipulagi. Í þjónustusamningum skátafélaganna við sveitafélög er ýmist kveðið á um rekstrarstyrki, starfsmannstyrki, viðhaldsstyrki fasteigna eða annarra eigna, fjárframlög til þjálfunar sjálfboðaliða, óeyrnamerkta fjárstyrki eða þjónustu og aðstöðu sem félögin sækja til bæjarfélagsins. Einnig er kveðið á um gagnkvæma ábyrgð eða þjónustu skátafélaganna gagnvart sveitafélögum. Þá er þjónustusamningur einnig tól fyrir sveitafélagið til að setja fram kröfur á starfsemi félaganna.

Það er mat okkar að félagið skorti bæði fjármuni og mannauð til ýmissa verka. Efla þarf rekstur og starfsemi félagsins eins og farið hefur verið yfir og uppsöfnuð þörf er á viðhaldi eigna og endurnýjun búnaðar. Þá teljum við æskilegt að félagið geti fyrst um sinn greitt ábyrgðarmönnum félagsstarfsins laun og aukið þannig atvinnuframboð ungmenna í menntaskólanum. Allt þetta reynist félaginu erfitt í núverandi stöðu.

Það er því að ósk og með umboði stjórnar Skátafélagsins Einherjar-Valkyrjan sem fulltrúar BÍS óska eftir að hefja formlegar viðræður við Ísafjarðarbæ í þeim tilgangi að fara yfir stöðu félagsins og möguleika í uppbyggingu þess. Lokamarkmið þessara viðræðna væri að skátafélagið og sveitafélagið gerðu með sér gagnkvæman þjónustusamning til að efla starfsemi skátafélagsins og æskulýðsmála í Ísafjarðarbæ.

Reykjavík, 27. ágúst 2019

Með skátakveðju

Kristinn Ólafsson
framkvæmdastjóri BÍS